ROYAL CROWN SOAP

# Vörðld

HEY! HEY!
Sendið heyið ykkar til íslenzku heykaupmannanna, og fáið hæðsta verð, einnig fljóta afgreiðslu. Peningar lánaðir á "kör" send beint til okkar.
Vér ábyrgjumst að gera yður ánægða.
THE NORTHERN HAY CO.
408 Chambers of Commerce
Talsími G. 2209. Nætur talsími S. 3247
Winnipeg, Man.

II. ÁRGANGUR. WINNIPEG, MANITOBA, 30. DESEMBER, 1919 NR.

## Almennar frettir.

R. A. Rigg, sem einu sinni fór inn á þing undir verkamannaflaggi hefir nú gerst sambandsstjórnarþjónn og er skipaður aðalumsjónamaður verkamálaskrifstofanna í Vestur-Canada.

Í Ottawa hefir þetta meðal annars verið gert, að lögum nýlega: "Hvaða eign sem er, fasteign eða lausafé sem heyrir til eða grunur leikur á að heyri til einhverju félagi, sem stjórnin telur ólöglegt, eða er undir umsjón, eða grunur leikur á að sé undir umsjón einhvers fyrir slíkt félag má gera upp tæka án stefnu eða rannsóknar; og getur það gert hver sá sem til þess er veitt vald af umboðsmanni sambandsstjórnar lögreglunnar; má svifta eigandann eignunum og leggja þær til krúnunnar (hans hátignar, konungsins) Samskonar lög eru til á Rússlandi frá keisarastjórnarárunum sælu.

### OFSÓKNIR GEGN ÚTLENDINGUM.

Stóru blöðin í Winnipeg hafa flutt árásar greinar að undanförnu á alla svokallaða útlendinga Lengst og ósvífnast hefir Tribune gengið í þeim efnum. Jafnvel farið svo langt að vilja taka atkvæðin af þeim mönnum sem þegar hafa fengið þau, fyrir þá sök eina að þeir eru ekki fæddir á brezku eyjunum. Verði þessum árásum haldið áfram, þá er ekkert annað ráð fyrir hendi, en að allir af útlendu bergi brotnir myndi eitt allsherjar félag til varnar gegn ófriði því sem þeir eru beitir. Vér ráðum til þess, að slíkt verði ekki gert fyr en í fulla hnefana, en svo langt má fara, að slíkt verði með öllu óhjákvæmileg!

### RUSSELL FUNDINN SEKUR.

Robert B. Russell heitir sá verkamannaleiðtoganna sem fyrst var yfirheyrður í verkfallsmálinu. Kviðdómurinn fann hann sekan um landráð. Dómarinn sagði í ræðu sinni að ekkert vær athugavert við það, þótt menn hefðu vissa skoðun á vissum málum, ef þeirri skoðun væri ekki haldið fram. Vér höfum vissa skoðun á framferði dómarans og kviðdómsins, en vér látum þá skoðun ósögð að sinni. Oss skilst að því sé hér eins varið og í danska ríkinu forðum, konungurinn var þar friðhelgur, heilagur og ábyrgðarlaus. Ef vér skiljum lögin rétt eða höndlun þeirra, þá eru hér í landi menn með samskonar helgi.

Máli Russells verður áfrýjað af fjörum ástæðum.

1. Lögmaður hans heldur því fram, að hlutdrægni hafi verið sýnd, þegar kviðdómurinn var valinn.

2. Hann staðhæfir að neitað hafi verið prentuðum sönnunum í málinu, sem mikla þýðingu hafi haft.

3. Hann segir að svo mikilli ósanngirni hafi verið beitt, þegar neitað hafi verið um svör við áríðandi spurnugum, að málið hafi fyrir þá ástæðu verið sama sem órann skað.

4. Hann heldur því fram, að dómarinn hafi sýnt ofsókn og hlutdrægni í málinu.

Á það leggjum vér engan dóm, hvort þessar ákærur séu réttar eða ekki. Það auglýsist alt þegar fyrir hærra rétt kemur. En eitt verðum vér að segja og það er þetta: "Ef vér skiljum það rétt, að Russell hafi verið fundinn sekur um landráð, og ef landráðin hafa verið í því fólgin, að hann vilji með meiri hluta atkvæða fólksins fá breytt stjórnarfyrirkomulag í Canada, þá munu þeir tiltölulega fáir sem ekki ættu að vera hér í fangelsi

## Ísland.

Sigurður kennari Guðmundsson er að semja æfisögu Arnljóts Ólafssonar prests; hefir sagt af sér háskólakenslu til þess, og greiða börn Arnljóts honum kaup fyrir.

Á Iðnskólanum í Reykjavík eru nú 80 nemendur; miklu fleiri en nokkri sinni fyr.

Nýtt leikrit er komið út eftir Indriða Einarsson, sem heitir "Dansinn í Hruna", Er þar gamla þjóðsagan með jólakveldsdansinn tekinn til yrkisefnis.

Haraldur Jóhannesson úrsmiður hefir tekið sér skrípanafnið "Hagan"

Ættingjar Þorvaldar sál Sigurðssonar hafa fært byggingarsjóði Kristilegs félags ungra manna 3000 kr. til minningar um hann.

Hæstiréttur Íslands á að verða uppi á lofti í fangabúsinu í Reykjavík.

Látinn er Árni Jónsson, kaupmaður frá Ísafirði.

Jóhannes Þorsteinsson kaupmaður hefir látið byggja stórhýsi í Reykjavík, sérlega fullkomið og vandað.

Nýlega eru þau gift Sigurður Pétursson fangavörður og Sigríður Gísladóttir, fyrverandi ráðskona á Laugarnesi.

Fatnaður og yfirhafnir
ÞER SPARIÐ $10.00 Á FATNAÐINUM YÐAR OG YFIR HÖFNUNUM, MEÐ ÞVÍ AÐ KAUPA ÞAÐ Í BÚÐINNI UPPI Á LOFTI, MEÐ VERÐINU SEM ÞAR ER.
$25 TO $45
Robinsons Clothes Shops, Ltd.
264 Portage Av. Jppi yfir 5—10—15 centa búðinni

# ÍSLENDINGAR VINNA SÉR FRÆGÐ!

## Þýðingarmikið fyrir íslenzkt þjóðerni.

Frank Fredrickson

Konni Jóhannesson

Mike Goodman

Halli Halldórsson

Bobby Benson

Harvey Benson

Chris Friðfinnsson

Edward Stephanson

Walter Byron

Guðm. Sigurjónsson
(trainer)

"Fálkarnir eru nafn á félagi nokkurra íslenzkra ungra manna hér í bæ. Í vetur hafa þessir piltar tekið þátt í kappleikum við önnur samskonar félög, og er þar kept um sigurlaun fyrir Manitoba, en það er bikar sem kallast "The Allan cup". Ákveðin tala flokka tekur þátt í samkepninni innbyrðis. Vinnendur úr hverjum flokki keppa fyrir úrslitum. Í Winnipeg eru tveir flokkar. Í öðrum þeirra eru "Fálkarnir", "Selkirk" og "Brandon", en í hinum "Monarks" "Vigs" og "Winnipeg". Vinnendur þessara Manitobaflokka keppa svo við flokka úr Vestur- og Austur-Canada, og sá er að lokum vinnur, hlýtur bikarinn að verðlaunum og nafnbótina (Champing ship of Canada). "Fálkinn" hefir þegar þreytt tvo leika; annan við "Selkirk" og vann þar með 5 mörkum gegn 2; hinn leikinn við "Brandon" og vann með 8 mörkum gegn 0.

Öll ensku blöðin undantekningarlaust, ljúka hinn mesta lofsorði á "Fálkann" og kalla hann afbragðs "íslenzka flokkinn," enda eru í honum Íslendingar einungis.

Þegar rætt var í haust um þessa samkepni (Hockey), þá var ýmist gert, að setja "Fálkann" í samkepnina, eða kasta honum brott. Lék sá orðrómur á, að þetta væri sökum þess að flokkurinn var íslenzkur, en það er misskilningur; hitt var ástæðan, að flokkarnir voru of margir sem sóttu um inngöngu, og einhverja varð að skilja eftir.

Það er nokkurn veginn víst, að Fálkinn og Íslendingar eiga það herra Herbert Axford og herra H. M. Hannessyni að þakka, að Fálkinn var tekinn í samkepnina; því þeir lögðu sig alla fram um það að ná flokkunum inn í hvert skifti sem honum var kastað út. Axford er "manager" flokksis.

Það er ekkert undarlegt, að þessi góða frammistaða íslenzku drengja um, er þýðingarmikil fyrir íslenzkt þjóðerni, því taepast er nú um annað rætt á svæðum leikfimiskólanna, en Fálkana og Íslendinga. Sést það best á því, að alt er troðfullt þegar Fálkarnir leika, en því er ekki að heilsa endrætt.

Þegar vér vorum að skrifa þetta bringdum vér Guðm Sigurjónsson upp í síma, og spurðum, hvað hann sem "trainer" Fálkans gæti sagt oss af drengjunum. Sem blaðamaðurinn kvaðst hann ekkert hafa að segja oss, því það yrði ekki í sínum verkahring að fræða fréttaritara. Þótt Guðmundur yildi ekki fræða oss sem blaðamann, þá getum vér þó ekki stilt oss um það, að tilfæra hér orðrétta eina setningu eftir honum: "Eg hefi oft verið með flokkum íþróttamanna sem hafa virst vera sönn fyrirmynd andlegs og líkamlegs atgjörfis, en eg held jafnvel, að eg hafi þó aldrei verið með neinum, sem er sannari fyrmynd siðþrýðis, fegurðar og hreysti". Þegar vér lítur á það, að Guðm. er sá maður, sem að líkindum hefir fengist meira við íþróttakennsli en nokkur annar Íslendingur, og í gegnum það hefir kynst mörgum góðum drengjum, þá gerða þessi ummæli hans þung á metunum. — Það eru tveir flokkar í Fálkanum, eldri og yngri; það er sá eldri sem talað er um hér að framan, en sá yngri er eigi að síður efnilegur, og hefir nú þegar þreytt einn leik og unnið. Hans verður minst náar í næsta blaði. — Einnig birtir Vörðld ýtarlega sögu þessa félags frá stofnun þess til þessa dags í næstu viku.

Í stjórn "Fálkans eru: Hon. T. H. Johnson, heiðursforseti; capt. H. Axford, forseti; Lieut. W. A. Albert, varaforseti; W. Friðfinnsson gjaldkeri.

Meðstjórnendur: Col. H. M. Hannesson; Major Skúli Hannesson; Capt. Josep Thorsson; Lieut. John Davidson; F. Thordarson; W. Forrest.

HEY
Hœðsta verð
og fljót skil, er það sem vér ábyrgjumst þeim sem senda oss hey.
Skrifið eftir verði —
öll viðskiti á íslenzku
The Western Agencies
214 Enderton Bldg., Winnipeg, Man.
Talsími Main 4992 J. H. Gíslason
HEY